



ORKUSTOFNUN

**Tölvutekt jarðfræðikorta af Þjórsár- og
Tungnaárvæði**

Ingibjörg Kaldal

Greinargerð IK-97-03

TÖLVUTEKT JARÐFRÆÐIKORTA AF ÞJÓRSÁR- OG TUNGNAÁRSVÆÐI

Upp úr 1980 hófst samvinna Orkustofnunar og Landsvirkjunar um jarðfræðikortlagningu á Þjórsár- og Tungnaársvæði. Gefin voru út kort í mkv. 1:50.000 á 5 kortblöðum, þrenns konar kort af hverju svæði, berggrunns-, jarðgrunns- og vatnafarskort, eða alls 15 kort. Um árabíl hefur ekkert verið unnið í þessu verkefni, þrátt fyrir að útivinnu væri að mestu leyti lokið við síðustu kortblöðin 1914 II (Nyrðri Háganga) og 1913 I (Tungnaárjökull). Nú í ár hófst vinna við berggrunnskort af blaði 1914 II og er kortið að öllu leyti tölvuunnið í landfræðilegu upplýsingakerfi **ArcInfo**. Jafnframt er í gangi samningur um vinnu við að ljúka við öll kortin sem eftir eru, en sú vinna mun væntanlega klárast 1998.

Full ástæða er að koma eldri kortunum inn í tölvuvæddan gagnagrunn, svo hafa megi af þeim not í margvíslegu samhengi. Úr slíkum gagnagrunni sem þá myndi skapast er hægt að velja þau gögn sem við á hverju sinni, af svæðinu í heild eða hluta þess, og birta með ýmsu móti og með ólíkum gögnum, annars staðar frá, eins og t.d. úr virkjanabanka.

Hugsa mætti sér að hægt væri að tölvutaka þessi 15 kort á 3 - 5 árum, allt eftir efnun og ástæðum. Tölvuunnin grunnkort eru ekki til af neinum af þessum kortblöðum. Hugsanlega væri hægt að gera hagstæðan pakkasamning við Hnit

eða einhvern annan aðila.

Miðað við verðlag í maí 1997 má gera ráð fyrir að kostnaður við hvert kort sé **350 - 500 þús.**, eftir því hve jarðfræðin er flókin. Kostnaður við tölvutekt kortgrunna er ekki þar með talin. Heildarkostnaður við þessi 15 kort gæti því verið **5 - 7.5 millj.**